

P. Ragnar Jónasson:



Faktorinn á Siglufirði

Þá var Kristján Kristjánsson, síðar amtmaður. Vorið 1859 réðist hann til Chr. Thaaes verslunar á Hofsósi, sem „assistent“. Verslunarstjóri þar var Sigmundur Pálsson.

Chr. Thaaes var valdamikill kaupmaður á Norðurlandi og hafði mikil afskipti af atvinnumálum og útgerðarmálum, og er talið að hann hafi orðið fyrstur manna til að gera út þilskip á hákarlaveiðar.

Árið 1845 keypti Chr. Thaae Siglufjarðarverslun af Örum og Wulf, og átti hann þá margar verslanir bæði á Norðurlandi og Austurlandi. Hann mun því hafa haft marga góða menn í þjónustu sinni. En árið 1864 var Snorri Pálsson gerður að verslunarstjóra á Siglufirði, aðeins 24 ára gamall. Mun því Snorri hafa aflað sér mikils álits á þeim árum, sem hann var „assistent“ á Hofsósi. Sama ár kvæntist Snorri, Margrét Ólafsdóttir frá Fjöllum í Kelduhverfi og reistu þau heimili sitt í hinu nýja umhverfi á Siglufirði.

Lað á ávallt fróðlegt og gagnlegt að horfa til liðins tíma og kynna sér aldarfar og atburði, sem sett hafa mark á þjóðlífið og skapað gengnum kynslóðum kjör og kosti. Jafnframt því kynnist maður þeim persónum sem breytt hafa sögu einstakra héraða og landsreildarinnar.

Einn af þeim mönnum, sem stuðlaði að framsörum í sínu héraði, og vakti fólk til dáða í byrjun mikilla beytingatíma á seinni hluta 19. aldarinnar, var Snorri Pálsson faktor á Siglufirði. Hann var helsti og áhrifamesti hvatamaður flestra þeirra fyrirtækja, er til framkvæmda komust á Siglufirði á meðan hans naut við.

Snorri fæddist þann 4. febrúar árið 1840 á Möðruvöllum í Hörgárdal. Faðir hans, Páll Jónsson, var þá heimiliskennari þar hjá Bjarna amtmanni og skáldi Thorarensen. Seinna varð Páll prestur á Myrká, Völlum og Viðvík. Hann var kennimaður góður og sálmaskáld. Hinir fögru sálmar hans eru ennþá í sálmaþóki þjóðkirkjunnar. Kona Páls var Kristín Þorsteinsdóttir frá Laxárnesi.

Í þjóðsögum er eftirfarandi frásögn:

„Einu sinni er prestshjónin áttu barnsvon dreyndi séra Pál, að til hans kæmi aldraður maður og bað hann að láta barnið heita eftir sér. Prestur spurði aðkomumann að heiti, en hann kvaðst vera séra Snorri á Húsafelli. Séra Páll hét draummanninum því, sem hann bað um, og lét son sinn heita Snorra. Hann varð seinna verslunarstjóri á Siglufirði, og gæfumaður mikill, að því talið er.“

Séra Snorri Björnsson á Húsafelli var frægur maður í þjóðsögum, sökum gáfna og mikillar þekkingar, enda talinn göldróttur. Hann var hraustmenni og kraftajötunn svo að af bar, og steinatökin hans eru ennþá til sýnis á Húsafelli. Það var talið, að gæfa fylgdi því, ef börn voru skírð eftir óskum draumamanna, en ógæfa myndi fylgja barninu ef út af því væri brugðið.

Snorri Pálsson stundaði nám í fódurhúsum. Hugur hans stóð snemma til verslunarstarfa og ungur hóf hann störf við Skagastrandarverslun, sem þá var í eigu bræðranna Jakobsen. Einn vetur var hann skrifari sýslumannsins í Skagafirði, sem

það keypti Siglufjarðarverslun. Af því varð þó ekki fyrir en eftir lát Chr. Thaaes, sem andaðist 1875. Árið eftir, eða 1876 keypti Gránufélagið verslunina á Siglufirði og þau mannvirki og eignir sem henni fylgdu, þar á meðal hafskipabryggju. Snorri varð svo áfram verslunarstjóri og færðist nú í aukana.

Þilskipaábyrgðarfélag var stofnað á Akureyri 1866 og var sérstök deild í því undir stjórn Snorra Pálssonar. Félagið lét til sín taka um menntun skipstjóra á hákarlaskipum. Jón Loftsson, bóndi og skipstjóri í Efra Haganesi í Fljótum var kennari skipstjóranna og skipstjóraefnanna. Hann var einn menntaðasti skipstjórinn á félagssvæðinu.

Þann 1. janúar 1873 var „Sparisjóður Siglufjarðar“ stofnaður. Snorri var einn helsti hvatamaður að stofnun hans og var hann gjaldkeri sjóðsins til dauðadags. Þetta er nú elsta starfandi peningastofnun landsins.

Árið 1880 beitti Snorri sér fyrir stofnun Ekknasjóðs Siglufjarðar, ásamt öðrum góðum mönnum. Mjög mikið var um sjóslys á tímum hákarlaveiðanna, enda var hart sótt. Þessi sjóður er ennþá til, og er í vörslu Siglufjarðarkaupstaðar.

Stofnað var Sildveiðifélag Eyfirðinga árið 1880, að frymkvæði Tryggva Gunnarssonar og Snorra.

Sildin var þá mikil inná Eyjafirði og Siglufirði og veidd í landnætur. Snorri lét salta í 650 tonn og seldi þær til útlanda haustið 1881. Var það fyrsti sildarútflutningur Íslendinga. Því miður varð þessi starfsemi endaslepp, þar sem árið 1882 lokuðust öll mið af hafis, og mikil harðindi voru í landinu, svo starfsemi hætti.

Á árinu 1878 stofnuðu þeir Snorri og Einar B. Guðmundsson alþingismaður á Hraunum í Fljótum, sem var giftur Kristínu systur Snorra, fyrirtæki sem átti að annast niðursuðu matvæla.

Forstöðumaður fyrirtækisins var Hafliði Guðmundsson, sem einnig var blikksmiður og smíðaði umbúðir um vörurnar. Snorri og Hafliði voru systsynir en móðir Hafliða var Ragnheiður Þorsteinsdóttir frá Laxárnesi. Hafliði var síðar oddviti og hreppstjóri á Siglufirði í 23 ár, og gegndi ýmsum öðrum trúnaðarstörfum. Hafliði var vinsæll og vildu allir hlíta forsjá hans, enda góðviljaður og glaðvær.

Norskir vinir hans reistu honum minnisvarða við hús hans, í þakklætisskyni fyrir veitta aðstoð.

Niðursuðan var rekin í nokkur ár og reyndust vörurnar mjög vel. Aðallega voru soðnar niður kjötvörur s.s. kindakjöt, kæfa, rjúpur, svo og slungur í olíu. Löngu seinna flutti Einar á Hraunum niðursuðuna til Haganesvíkur, og starfrækti hana þar um nokkurt skeið.

Fyrir áeggjan Snorra var um 1875 byrjað að salta fisk á Norðurlandi og fékk hann sérfróðan mann til þess að kenna saltfiskverkun. Þetta varð síðar mikilvæg útflutningsvara.

Það var mikið lán fyrir Siglufirðinga, að Snorri Pálsson var kosinn annar þingmaður Eyfirðinga árið 1875. Sat hann á þingi til 1879.

Á þessum stutta ferli, sem alþingismaður, kom hann í gegn mörgum nauðsynjamálum fyrir sitt heimahérað með góðri hjálp samþingmanna. Fyrir atbeina Snorra var lagfæring gerð áveginum yfir Siglufjarðarskarð á kostnað Landssjóðs. Þar hafði til forna verið gerður einskonaðyr í gegnum þunna fjallseggina. En við þessa breytingu var skarðið lækkað og vegurinn breikkaður svo að það varð sæmilega fært klyfjuðum hestum.

Stofnað var sérstakt lækniherað á Siglufirði sem náði yfir Siglufjörð, Ólafsfjörð, Grimsey og þrjú prestaköll í austanverðri Skagafjarðarsýslu.

Þetta var á þinginu 1875, sem samþykkt var ný skipan lækniheraða á Íslandi. Aður þurftu Siglufirðingar og nærsveitamennt að leita lækni til Akureyrar, sem reyndist að sjálfsögðu erfiðleikum bundið. Fyrsti héraðslæknir Siglufirðinga var Helgi Guðmundsson. Sagt er að í læknileysinu haf Snorri Pálsson fengist við lækningar og hjálpað mörgum.

Á þessum árum var Siglufjörður gerður að viðkomustað strandferðaskipanna, en áður höfðu þau farið framhjá á ferðum sínum. Þetta var nauðsynjaverk, sem verslunarstjórinn skildi manna best, vegna sins aðalstarfs.

Þá var samþykkt að pósthöfðingur skyldu teknar upp til Siglufjarðar, en áður gekk pósturinn aðeins til Hofsóss. Póstafgreiðsla var jafnframt stofnuð á Siglufirði. Allt þetta hafði geysilega þýðingu fyrir Siglufirðinga, og vissulega má eigna Snorra afgreiðslu þessara mála, enda var hann manna kunnugastur þörfum sveitunga

sinna, og hann var alltaf fús til að leysa málin með dugnaði.

Snorri hafði forgöngu um það á Alþingi að koma upp minnisvarða um Hallgrím Pétursson sálmaskáldið mikla. Sá varði stendur við dónútkirkjuna í Reykjavík.

Hins mikla athafnamanns Snorra Pálssonar naut því miður við of skamman tíma. Hann var verslunarstjóri á Siglufirði aðeins í 19 ár. Hann andaðist úr taugaveiki þann 13. febrúar 1883, öllum harmdauði.

Snorri var talinn hamingjumaður í einkalífi sínu og bjó kona hans Margrét Ólafsdóttir honum gott heimili. Þau hjónin eignuðust 7 börn, en fjögur náðu fullorðinsaldri. Barnadauði var mjög algengur á þeim tímum. Maddama Margrét, en svo var hún jafnan kölluð, byggði sér einbýlishús árið 1884. Þar bjó hún ásamt börnum sínum í nokkur ár, en fluttist síðan til Ísafjarðar. Hún lést á Siglufirði árið 1926.

Hafliði Guðmundsson keypti „Maddömuhúsið“ 1898 og bjó í því til dauðadags árið 1917. Þar býr nú (1989) sonardóttir hans frá Sigríður Guðmundsdóttir, ásamt eiginmanni sínum Hirti Ármannssyni fyrrv. lögregluþjóni.

Það var gæfa Siglufjarðar, að hinn mikli athafnamaður Snorri Pálsson, skyldi ráðast til Siglufjarðar, sem verslunarstjóri. Hann var frumkvöðull nýrra atvinnuvega og mikill baráttumaður frjálsrar verslunar á Norðurlandi. Hann var hinn mikilhæfasti maður og kom allmikið við sögu margvíslegra mála bæði utanhéraðs og innan.

Hann andaðist aðeins 43 ára gamall og óefað hefði hann afrekað miklu, ef honum hefði enst lengri aldur.

Á næsta ári, þann 4. febrúar 1990 verða liðin 150 ár frá fæðingu Snorra Pálssonar, og væri ærin ástæða til þess fyrir Siglufirðinga að minnast þess hátíðlega.

16. desember 1989.

P. Ragnar Jónasson.

Gleðileg jóll!

Farsælt komandi ár.
Þökkum viðskiptin á
liðna árinu.



Veidarfæraverslun
Sig. Fanndal